



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJANESS

D Ó M U R

11. júní 2012

Mál nr. E-1175/2011:
Stefnandi: A
(*Guðjón Ólafur Jónsson hrl.*)

Stefndu: B
(*Ragnar Baldursson hrl.*)
C
(*Guðmundur Birgir Ólafsson hrl.*)
D
(*Svanhvít Axelsdóttir hdl*)
Vátryggingafélag Íslands hf.
(*Svanhvít Axelsdóttir hdl*)

Dómarar: Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri.
Ásmundur Ingvarsson
Viðar Guðmundsson

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 11. júní 2012 í máli nr. E-1175/2011:

A

(Guðjón Ólafur Jónsson hrl.)

gegn

B

(Ragnar Baldursson hrl.)

C

(Guðmundur B. Ólafsson hrl.)

D og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Svanhvít Axelsdóttir hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 14. f.m., var höfðað 16. og 21. júní 2011 af A, [...], á hendur B og D, báðum til heimilis að [...], C, [...], og Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3 í Reykjavík.

Í málinu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

Að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaskylda stefndu B, C og D vegna tjóns sem stefnandi varð fyrir þegar hann féll ofan í grunn viðbyggingar að [...] í [...] aðfaranótt 22. nóvember 2009.

Að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til skaðabóta úr starfsábyrgðartryggingu stefnda B, byggingarstjóra viðbyggingar að [...], og úr ábyrgðartryggingu stefnda D, eiganda fasteignarinnar, hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna þess tjóns sem stefnandi varð fyrir í framangreindu slysi aðfaranótt 22. nóvember 2009.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi með bréfi dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins 9. nóvember 2010.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Af hálfu stefndu D og Vátryggingafélags Íslands hf. er höfð uppi sú varakrafa að aðeins verði viðurkennd að hluta skaðabótaskylda stefnda D og réttur stefnanda til bóta úr starfsábyrgðartryggingu stefnda B og ábyrgðartryggingu stefnda D hjá félaginu. Í varakröfu er þess krafist að málskostnaður falli niður.

I

Mál þetta hefur stefnandi höfðað vegna alvarlegs líkamstjóns sem hann varð fyrir aðfaranótt sunnudagsins 22. nóvember 2009 við sumarhús föður síns, stefnda D, að [...]. Stóðu þar yfir framkvæmdir sem fólust í því að verið var að reisa viðbyggingu austan við sumarhúsið sem samanstóð af steiptum kjallara, sem m.a. skyldi nýttur sem vélageymsla, en ofan á kjallarann skyldi reisa íveruhús úr timbri sem tengt yrði við húsið sem fyrir var með sérstakri tengibyggingu. Var jafnframt gert ráð fyrir að tengibyggingin myndi þjóna hlutverki stigahúss niður í vélageymsluna. Á þessum tíma var búið að steypa upp kjallaraveggi viðbyggingarinnar. Hins vegar var ekki búið að reisa kjallaraveggi tengibyggingarinnar og voru því einungis steipt botnplata og undirstöður þar sem hún skyldi rísa. Á austurhlið sumarhússins, þar sem nefnd viðbygging skyldi tengd við sumarhúsið samkvæmt framansögðu, voru útidyr þaðan sem gengt var út á pall sem lá meðfram austurhlið hússins. Sökum þess að framkvæmdir voru hafnar hafði pallurinn framan við dyrnar verið fjarlægður að hluta þannig að þær opnuðust beint út í grunn tengibyggingarinnar, sem lá um 3,3 metrum þar fyrir neðan. Óumdeilt er að ekki var gengið frá dyrunum með þeim hætti að útilokað væri að ganga um þær, en til að varna því hafði golfsettum verið komið fyrir framan við þær að innanverðu. Þá stóðu steypustyrktarjárn óvarin upp úr undirstöðum tengibyggingarinnar. Stefndi B var byggingarstjóri framkvæmdanna, en stefndi C sinnti þar störfum sem húsasmiður. Var sá fyrrnefndi með lögbundna starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. og stefndi D með ábyrgðartryggingu fasteignareiganda hjá sama félagi.

Að kvöldi 21. nóvember 2009 var stefnandi, sem þá var 37 ára, staddur í sumarhúsinu, en hann hafði verið að hjálpa til við framkvæmdirnar fyrr um daginn. Auk stefnanda sjálfs voru móðir hans og sonur einnig stödd í sumarhúsinu, en faðir stefnanda og bróðir höfðu brugðið sér af bæ fyrr um kvöldið. Um eða eftir miðnætti umrætt kvöld lagðist stefnandi til svefns í sumarhúsinu. Atburðarásin þaðan í frá er

nokkuð óljós, enda man hann ekkert eftir því sem þá gerðist. Það er þó óumdeilt að einhvern tímann eftir miðnætti aðfaranótt 22. nóvember 2009 féll hann ofan á grunnplötu áðurnefndrar tengibyggingar og á steypustyrktarjárn sem þar stóðu upp úr undirstöðunum. Faðir stefnanda og bróðir sneru aftur heim þegar nokkuð var liðið á nóttina. Urðu þeir þess þá áskynja að hann hafði fallið ofan í grunninn og hringdu þegar eftir hjálp. Reynt var eftir fremsta megni að hlúa að stefnanda þar sem hann lá, en ekki var gerlegt að færa hann til þar sem steypustyrktarjárnin höfðu stungist víða í gegnum líkama hans. Sökum alvarleika slyssins var þyrta Landhelgisgæslunnar kölluð út til að flytja hann til Reykjavíkur á sjúkrahús og kom hún á vettvang kl. 03:07 um nóttina. Meðan komu þryllunnar var beðið voru steypustyrktarjárnin, sem stefnandi hafði lent á, skorin í sundur svo hægt væri að flytja hann af slysstað. Fljótlega eftir komuna til Reykjavíkur var hann sendur í aðgerð þar sem hafist var handa við að fjarlægja steypustyrktarjárnin úr líkama hans og gera að sárum hans. Alls gengu átta steypustyrktarjárn í gegnum líkama hans og þurfti að skera sjö þeirra í sundur áður en unnt var að flytja hann af slysstað og fjarlægja þau í skurðaðgerð við komu á sjúkrahús. Gengu þrjú járn í gegnum kviðsvæði stefnanda, tvö í gegnum efri hluta brjóstkassa vinstra megin, eitt í gegnum vinstri upphandlegg og eitt í gegnum hægra læri. Urðu afleiðingar slyssins mjög alvarlegar. Stefnandi hryggbrotnaði og hlaut af varanlegan mænuskaða. Þá höfuðkúpubrotnaði hann og varð fyrir áverkum á heila. Þá hlaut hann áverka á maga, smáþörmum, ristli, framhandlegg og hægri fæti. Er hann lamaður fyrir neðan brjóst af völdum slyssins og stríðir þar að auki við skerta hreyfigetu í handleggjum.

Aðstæðum á vettvangi í umrætt sinn og því sem athugun lögreglu leiddi að öðru leyti í ljós er ágætlega lýst í framlagðri skýrslu E lögreglumanns. Í henni segir m.a. svo: „Pallur er meðfram húsinu norðan megin, austan megin og sunnan megin. Á austurhlið hússins er búið að taka úr pallinum vegna framkvæmda við nýbyggingu þeim megin við húsið. [Gerðar höfðu verið] ráðstafanir vegna þessa og var búið að bæta við handriði á pallinn þar sem tekið hafði verið úr honum en [handrið] er annars umhverfis pallinn á öðrum stöðum. Handriðið á þeim stað þar sem tekið hafði verið úr pallinum var 96 cm hátt. ... Útihurð er á sumarhúsinu að austanverðu. Hurðin opnast að kjallarabyggingunni og er um 3,30 m fall frá neðanverðu hurðaropinum og niður í kjallaragrunninn. Áður en framkvæmdir hófust opnaðist þessi hurð út á pallinn umhverfis húsið, en vegna framkvæmdanna var búið að fjarlægja tréfallinn undir

Þessari hurð og grafið fyrir kjallarabyggingunni, og því einungis steinsteypt gólf 3,30 metrum neðar. Þegar undirritaður skoðaði aðstæður á vettvangi voru golfpokar upp við hurðina innandyra og hurðin læst, en hana var hægt að opna með venjulegu móti innan frá með því að snúa læsingunni og opna hurðina. Golfpokarnir voru að sögn ... ætlaðar til þess að minna á að ekki ætti að nota hurðina. ... Gólfflöturinn á steypupallinum fyrir neðan hurðina er 2,10 m x 2,85 m. Steypustyrktarjárn stóðu upp frá pallinum á þeirri hlið sem liggur að sumarhúsinu og hliðunum sem liggja að nýbyggingunni, en ekki er búið að setja upp vegg á þessum hluta nýbyggingarinnar. Steypustyrktarjárnin voru 10 mm að þvermáli og á bilinu 50-70 cm löng. ... Þegar komið var á vettvang lá [A] á gólffleti nýbyggingarinnar á þeim stað þar sem til stendur að setja hringstigann. Hann lá við norðvesturhorn á þessum 2,10 m x 2,85 m gólffleti á grúfu ofan á steypustyrktarjárnnum og snéri höfuð hans í norðurátt. Lögreglumenn, sjúkraflutningamenn og læknir voru að sinna [A] þegar undirritaður kom á vettvang. Miðað við legu [A] var erfitt að sjá hvort hann hafi gengið út um ofangreinda hurð (sic), eða hvort hann hafi fallið fram af pallinum við sumarhúsið. ... Samkvæmt björgunaraðilum hafði [A] verið á nærbuxum einum fata þegar að var komið ... Við skoðun á hurðinni mátti sjá að gardína fyrir rúðu á hurðinni var krumpuð, en golfpokar voru fyrir hurðinni þegar undirritaður skoðaði hurðina. Hurðin opnast út á við og í suður (út og til hægri). Norðanátt var á vettvangi og var sterkur vindstrengur meðfram húsinu að austanverðu og tók strax verulega í hurðina þegar hún var opnuð og ef henni var sleppt opnaðist hún alveg upp á gátt og hélst opin.“

Stefnandi telur að slysið verði rakið til óforsvaranlegra aðstæðna á og við framkvæmdasvæði viðbyggingarinnar að [...] og að á því beri stefndu B, C og D sameiginlega ábyrgð og séu þar með bótaskyldir gagnvart honum. Þá beri honum réttur til bóta úr starfsábyrgðartryggingu sem stefndi B hafði á slysdegi hjá hinu stefnda tryggingafélagi og ábyrgðartryggingu stefnda D hjá sama félagi. Stefndu hafna kröfum hans alfarið.

Fyrir liggur að stefnandi neytti áfengis að kvöldi 21. nóvember. Við komu á sjúkrahús í Reykjavík um nóttina var tekið úr honum blóðsýni til rannsóknar á áfengismagni og reyndist það vera 28,8 mmól/l. Er sérstaklega á það bent af hálfu stefnda B að gera verði ráð fyrir því að áfengismagn í blóði stefnanda hafi verið umtalsvert meira þegar slysið átti sér stað, enda hafi sýnið verið tekið fjórum til fimm klukkustundum síðar og niðurbrot áfengis í blóði sé u.þ.b. 4 mmól/l (0,15 til 0,19

prómill) á klukkustund. Megi samkvæmt þessu ætla að áfengismagn í blóði stefnanda þegar slysið varð hafi verið 40-45 mmól/l eða u.þ.b. 2 prómill. Slíkt áfengismagn í blóði leiðir til áberandi ölvunareinkenna og erfiðleika við að standa, ganga og tala.

Að því er málsatvik varðar er því haldið fram af hálfu stefnda B að hann hafi að beiðni vinafólks síns, foreldra stefnanda, tekið að sér að hafa með höndum byggingarstjórn við umrædda framkvæmd. Hafi verið staðið þannig að málum að fenginn var húsasmiður úr sveitinni, stefndi C, til að annast framkvæmdir en stefnandi, bróðir hans og faðir þeirra, stefndi D, hefðu unnið með honum enda verkvanir menn. Stefndi hafi ekki með neinu móti komið að framkvæmdunum, en komið á staðinn til að fylgjast með framgangi verksins. Í einni slíkri ferð hafi öryggismál verið til umræðu og hafi foreldrar stefnanda, stefnandi sjálfur og bróðir hans öll verið viðstödd þegar sú umræða fór fram. Hafi þá sérstaklega verið rætt um að gæta þyrfti að því að hurð á austurhlið hússins væri alltaf læst og að rétt væri að stilla upp nokkrum golfsettum til að varna því að unnt væri að komast að hurðinni. Allir viðstaddir, þar á meðal stefnandi, hafi verið sammála um að verja hurðina með þessum hætti.

Í greinargerð stefnda C er því haldið fram að hann hafi átt aðkomu að smíði viðbyggingarinnar að [...] sem starfsmaður einkahlutafélagsins [...]. Ekki hafi verið gerður verksamningur á milli þess og stefnda D. Hefðu meðstefndu B og D leitað eftir því við félagið að það kæmi að framkvæmdum, en þó án þess að nokkuð væri ákveðið eða umsamið um umfang þeirra starfa. Stefndi hafi því starfað hjá félaginu við umræddar framkvæmdir í þeim mæli sem óskað var eftir af hálfu framangreindra meðstefndu og án þess að nokkuð væri samið um áframhaldandi störf stefnda. [...] ehf. hafi því enga ábyrgð borið á verkinu og stefndi enn síður.

II

Í greinargerðum er krafa stefndu um sýknu meðal annars byggð á því að ekkert liggi fyrir um það í málinu með hvaða hætti slys stefnanda bar að höndum. Tekur það þá ekki hvað síst til þess hvar stefnandi var staddur þegar hann féll ofan í grunn tengibyggingarinnar. Stefnandi leitaði til F, prófessors við verkfræðideild Háskóla Íslands, og fól honum að leggja mat á það hvort stefnandi hafi fallið ofan í grunninn frá dyrum á austurhlið sumarhússins eða fram af handriði á pallinum sitt hvorum megin við þær. Í niðurstöðukafla álitsgerðar sem F tók saman af þessu tilefni og

stefnandi lagði fram áður en stefndu skiluðu greinargerðum sínum segir svo: „Samkvæmt þeim líkönum sem stuðst er við þegar fallferill [A] er reiknaður út bendir lárétt fjarlægð massamiðju mannlíkamans til þess að hann hefur fallið út um útihurð sem staðsett er austan megin við sumarhúsið. Hann hefur fallið beint fram fyrir sig til norðurs í stefnu sem er um 60° frá hornréttri stefnu frá útihurðinni.“ Stefndu höfnuðu því að byggt yrði á álitsgerðinni við úrlausn málsins þar sem hennar hefði verið aflað einhliða af hálfu stefnanda og hún stafaði ekki frá dómkvöddum matsmanni. Í ljósi þessarar afstöðu stefndu setti stefnandi fram beiðni um dómkvaðningu matsmanns í þinghaldi 14. desember sl. Samkvæmt henni skyldi matsmanni meðal annars falið að leggja mat á það hvaðan og hvernig stefnandi féll niður í grunn tengibyggingarinnar. Í þessu sama þinghaldi var G, prófessor emeritus, dómkvaddur til að framkvæma hið umbeðna mat. Í niðurstöðukafla matsgerðar hans 1. febrúar 2012 segir svo: „Á grundvelli upplýsinga sem fyrir liggja í málinu er það niðurstaða matsmanns að líkindi þess að matsbeiðandi hafi fallið niður í grunn tengibyggingarinnar frá austurdyrum sumarbústaðarins að [...] eru 100%. Líkurnar á því að hann hafi fallið frá einhverjum öðrum stað eru samanlagt 0%, miðað við sömu forsendur. Óvissa í þessum tölum er langt innan við 1%. Þessa niðurstöðu matsmanns má einnig orða svo: Það er algerlega hafið yfir skynsamlegan vafa að maðurinn hefur fallið niður í grunninn frá austurdyrunum og ekki eftir neinni annarri leið.“ Stefndu byggja á því að þrátt fyrir matsgerðina sé ósannað hvaðan stefnandi féll ofan í grunn tengibyggingarinnar.

III

Stefnandi byggir á því að stefndu B, C og D beri óskipta skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hann varð fyrir er hann féll niður í húsgrunn viðbyggingar að [...] aðfaranótt 22. nóvember 2009. Telur stefnandi að þessir stefndu hafi með saknæmri og ólögumætri háttsemi orðið valdir að því tjóni sem hann varð fyrir og á því verði þeir að bera ábyrgð samkvæmt sakarreglu íslensks skaðabótaréttar.

Svo sem áður hefur verið rakið er ekki með öllu ljóst með hvaða hætti stefnandi féll niður í grunninn, enda man hann ekki sjálfur eftir slysinu og engin vitni voru að því. Eðli máls samkvæmt komi þó aðeins tvennt til greina í þeim efnunum. Annaðhvort hafi stefnandi fallið út um dyrnar á austurhlið sumarhússins og þaðan niður í grunninn eða af palli sem lá meðfram austurhlið hússins og búið var að rjúfa vegna framkvæmdanna. Byggir stefnandi málalíbúnað sinn aðallega á því að slysið

hafi orðið með hinum fyrrnefnda hætti, enda með ólíkindum að hann hafi farið út á pallinn um miðja nótt á nærklæðum einum fata og dottið þaðan yfir upphækkað grindverk á pallinum og niður í grunninn. Framlögð matsgerð renni óyggjandi stoðum undir þetta, en hvort heldur sem var beri stefndu óskipta ábyrgð á tjóni hans.

Stefnandi byggir á því að verulega hafi skort á að viðhafðar væru nauðsynlegar öryggisráðstafanir á og við framkvæmdasvæðið að [...]. Hafi aðstæður þó verið með þeim hætti að ríkt tilefni hafi verið til að tryggja öryggi þeirra sem þar væru á ferð og draga úr slyshættu.

Í fyrsta lagi bendir stefnandi á að ekki hafi verið komið í veg fyrir að hægt væri að ganga út um dyr, sem opnuðust út í grunn tengibyggingarinnar á austurhlið sumarhússins, þrátt fyrir að ekkert biði þar fyrir utan annað en þriggja metra fall niður á grunnplötu tengibyggingarinnar. Hefði þó verið einfalt að búa svo um hnútana að ekki væri mögulegt að ganga út um dyrnar, t.d. með því að negla planka fyrir þær að utanverðu eða skrúfa hurðina fasta í falsinu, enda ljóst að dyrnar kæmu ekki til með að þjóna neinum tilgangi fyrr en framkvæmdirnar væru afstaðnar. Hafi þetta verið sérstaklega mikilvægt með tilliti til þess að rúmum þremur metrum fyrir neðan dyrnar stóðu óvarin steypustyrktarjárn upp úr grunnplötu viðbyggingarinnar, en engar ráðstafanir hefðu verið gerðar til að draga úr þeirri augljósu hættu sem þetta hafði í för með sér. Þess í stað hafi verið látið nægja að læsa dyrunum, auk þess sem þokum með gulfkylfum hafi verið komið fyrir framan við þær að innanverðu.

Í öðru lagi vísar stefnandi til þess að ekkert hafi verið gert til að hindra umferð um pallinn við austurhlið hússins, þrátt fyrir augljósa hættu vegna framkvæmdanna, og koma þannig í veg fyrir að börn og fullorðnir kynnu að detta af pallinum og ofan í grunninn. Hefði átt að loka með öllu fyrir aðgengi að pallinum meðfram austurhlið sumarhússins sem snéri að grunni og framkvæmdasvæði viðbyggingarinnar.

Í þriðja lagi áréttar stefnandi að upp úr grunnplötu viðbyggingarinnar stóðu lóðrétt steypustyrktarjárn og höfðu engar ráðstafanir verið gerðar til að koma í veg fyrir þá hættu sem af þeim stafaði. Slíkt hefði þó auðveldlega mátt gera, t.d. með því að beygja járnin eða leggja plötur yfir þau. Hafi borið að tryggja að ekki stafaði hætta af steypustyrktarjárnunum sem líkamstjón stefnanda verði í meginatriðum rakið til.

Í fjórða lagi hafi með öllu verið látið hjá líða að koma fyrir nauðsynlegum öryggismerkingum og hættuviðvörðum.

Stefnandi telur að stefndu B, C og D beri ábyrgð á framangreindu og að þeir hafi ekki sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíldu vegna framkvæmdanna að [...]. Hafi vanræksla þeirra leitt til verulegs tjóns fyrir stefnanda sem þeir verði að bera sameiginlega ábyrgð á samkvæmt almennum reglum íslensks skaðabótaréttar. Gáleysi stefndu verði að teljast stórkostlegt, enda hefðu þeir látið hjá líða að sinna lögboðnum skyldum sínum þrátt fyrir augljósa og mikla hættu. Ætluð eigin sök stefnanda komi því ekki til álita svo sem hér háttar til að þessu leyti.

Skaðabótaábyrgð stefnda B sér í lagi byggir stefnandi á eftirfarandi röksemdum. Hann hafi sem byggingarstjóri við framkvæmdirnar að [...] borið ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdrætti og lög og reglugerðir, sbr. 3. mgr. 51. gr. þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. nú 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, sbr. og 32. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Þá hafi stefndi jafnframt starfað sem húsasmíðameistari við framkvæmdirnar og því borið að gæta sérstaklega að sömu atriðum að því er varðaði þá verkþætti sem hann bar ábyrgð á sem slíkur, sbr. 1. mgr. 52. gr. þágildandi laga nr. 73/1997, sbr. nú 32. gr. laga nr. 160/2010, sbr. og 37., sbr. 38. gr., byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Byggir stefnandi á því að verulega hafi skort á að ákvæðum laga og reglna um öryggi við byggingarframkvæmdir hafi verið fylgt og á því beri stefndi sem byggingarstjóri og húsasmíðameistari við framkvæmdirnar m.a. ábyrgð. Stefnandi bendir á að samkvæmt 37. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 skuli framkvæma og haga vinnu þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Skuli í þeim efnum fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi varðar. Beri jafnframt að gæta sömu atriða þegar kemur að vinnustaðnum sjálfum, sbr. 42. gr. sömu laga. Hvíli það á herðum atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980, en atvinnurekandi sé hver sá sem annast skipulega aðgerð eða framkvæmd, sbr. 12., sbr. og 90. gr. sömu laga. Þá bendir stefnandi jafnframt á að tekið sé fram í grein 56.6 byggingarreglugerðar nr. 441/1998 að byggingarstjóra og iðnmeisturum sé skylt að sjá um að við framkvæmdir séu viðhafðar fyllstu öryggisráðstafanir eftir því sem aðstæður leyfa. Sé ekki nægjanlegt í þeim efnum að taka einungis tillit til þeirra sem á framkvæmdasvæði eru staddir vinnu sinnar vegna, heldur verði jafnframt að hafa þá í huga sem þangað kunna að koma af öðrum ástæðum. Af hinum almennu

ákvæðum laga nr. 46/1980 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998 megi sjá að ríkar skyldur hafi hvílt á herðum stefnda sem byggingarstjóra og iðnmeistara að sjá til þess að fyllsta öryggis væri gætt við framkvæmdirnar. Um nánari útfærslu þessara skyldna megi hins vegar vísa til hinna ýmsu reglna sem settar hafi verið með stoð í ákvæðum laga nr. 46/1980 og bendir stefnandi einkum á eftirfarandi í því sambandi: Í fyrsta lagi að samkvæmt 3. gr. reglna um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum nr. 707/1995 beri að setja upp öryggis- eða heilbrigðismerki eða ganga úr skugga um að slík merki séu á stöðum þar sem hætta verður ekki umflúin, eða ekki hægt að draga úr henni með almennum varúðarráðstöfunum eða ráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulagi. Í grein 2.1.3. í I. viðauka reglnanna sé sérstaklega tekið fram að staði, þar sem hætta er á árekstrum við hindranir eða hrapi, skuli merkja varanlega með öryggislit og/eða skiltum. Engar slíkar merkingar hafi verið settar upp við framkvæmdasvæðið að [...], hvorki við grunninn sjálfan né við dyrnar sem þó opnuðust beint út í grunninn og ekki voru tryggilega lokaðar. Í öðru lagi að samkvæmt grein 1.2. í A-hluta IV. viðauka reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996 skuli þannig gengið frá við ófullgerð hús eða önnur mannvirki að sem minnst hætta geti stafað af fyrir óviðkomandi. Þá komi fram í grein 1.4. og 1.5. í nefndum viðauka að merkja skuli hættusvæði með þartilgerðum skiltum og þar sem óvenjulegt hættuástand ríkir skuli sérstök gæsla viðhöfð þrátt fyrir aðrar tiltækar varnaðarráðstafanir. Þessum áskilnaði hafi ekki verið fullnægt í því tilviki sem hér um ræðir þrátt fyrir ótvíræða skyldu stefnda í þeim efnun. Stefnandi bendir í þriðja lagi á að samkvæmt 8. gr. ofangreinds viðauka reglna nr. 547/1996 skuli ganga þannig frá bendijárnum sem kunna að standa út úr veggjum eða upp úr gólfum og valdið geta slysum að ekki stafi af þeim hætta, hvorki fyrir starfsmenn eða óviðkomandi sem kunna að fara inn á byggingarsvæðið. Þá sé jafnframt tekið fram að ef framkvæmdir eru stöðvaðar í einhvern tíma skuli gengið úr skugga um að bendijárn skapi ekki hættu fyrir óviðkomandi. Er í þeim efnun tekið fram að ekki var fyrirhugað að slá upp steypumótum á sökkli tengibyggingarinnar fyrr en helgina eftir að slysið varð. Þá bendir stefnandi á það í fjórða lagi að samkvæmt b-lið 27. gr. IV. viðauka reglna nr. 547/1996 beri að gera viðeigandi varúðarráðstafanir við uppgröft, vinnu við brunna, neðanjarðarvinnu og gangagerð, m.a. til að koma í veg fyrir að fólk falli. Sömuleiðis sé gert ráð fyrir því í grein 31.1. að sérhvert gat sem hætta getur verið á að menn falli út um skuli umgirt fullnægjandi vörnum. Ekki hafi verið gripið til slíkra ráðstafana við

grunn tengibyggingarinnar að [...], enda ekkert sem komið hafi í veg fyrir fall stefnanda nema golfpokar innan við dyrnar sem snéru út í grunninn. Megi ljóst vera að slíkar fallvarnir séu með öllu ófullnægjandi. Sérstök áhersla er lögð á að engu geti breytt um ábyrgð stefnda þótt sannað þætti að stefnandi hafi fallið ofan af palli við austurhlið hússins en ekki út um áðurnefndar dyr á austurhlið þess. Hafi stefnda borið skylda til að loka með öllu fyrir aðgengi að pallinum, sem lá meðfram austurhlið hússins og snéri að grunni og framkvæmdasvæði viðbyggingarinnar. Hefði stefndi aðeins með slíkum ráðstöfunum ásamt viðeigandi merkingum og hættuviðvörðunum getað talist hafa uppfyllt þær lagaskyldur sem hvíldu samkvæmt framansögðu á honum við framkvæmdirnar. Af ofangreindum ákvæðum laga og reglugerða verður að mati stefnanda ráðið að rík skylda hvíli á herðum byggingarstjóra og iðnmeistara að sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt við byggingarframkvæmdir. Megi ljóst vera að stefndi hafi ekki farið að þeim lögum, reglum og reglugerðum sem gilda um öryggi á og við byggingarvinnustaði við framkvæmdirnar að [...]. Afleiðing þeirrar vanrækslu hafi orði sú að stefnandi féll ofan í grunn tengibyggingarinnar og hlaut af því margháttað og verulegt líkamstjón. Á því tjóni verði stefndi, sem var byggingarstjóri og húsasmíðameistari við framkvæmdirnar, nú að bera ábyrgð.

Skaðabótaábyrgð stefnda C sér í lagi byggir stefnandi á eftirfarandi röksemdum. Stefndi hafi starfað sem smiður við viðbygginguna að [...]. Hann hafi verið fenginn af stefnda B til að annast smíði viðbyggingarinnar að mestu. Hafi stefndi verið þar við störf daginn áður en stefnandi féll í grunninn og ætlunin hafi verið að slá upp steypumótum á sökkli tengibyggingarinnar helgina eftir að slysið varð. Stefndi vísar til þess að á stefnda sem verktaka og þar með atvinnurekanda, sbr. 12., sbr. 90. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hafi hvílt sömu skyldur og á stefnda B að gæta að öryggi á framkvæmdasvæði byggingarinnar, sbr. einkum ákvæði 13., 37. og 42. gr. laganna. Stefnda hafi því einnig borið skylda til þess að koma fyrir öryggismerkingum á vinnustaðnum, sbr. grein 2.1.3. í I. viðauka, sbr. og 3. gr. reglna um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum nr. 707/1995. Þá hafi stefnda jafnframt borið að sjá til þess að sem minnst hætta stafaði af framkvæmdasvæðinu fyrir óviðkomandi, m.a. með því að koma fyrir þartilgerðum skiltum og eftir atvikum með sérstakri gæslu, sbr. grein 1.2., sbr. og grein 1.4. og 1.5. í A-hluta IV. viðauka reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996. Þá hafi

stefnda enn fremur samkvæmt 8. gr. nefnds viðauka reglna nr. 547/1996 borið að tryggja að ekki stafaði hættu af steypustyrktarjárnunum sem stóðu upp úr steyptri gólfplötu tengibyggingarinnar, sem og að sjá til þess að fullnægjandi fallvarnir væru til staðar, sbr. b-lið 27. gr., sbr. og grein 31.1. IV. viðauka reglna nr. 547/1996. Stefnandi vísar sérstaklega til þess að stefndi hafi verið við vinnu á vettvangi slyssins daginn áður en það átti sér stað. Honum hafi því verið ljós sú bersýnilega hættu sem stafað hafi af fyrrgreindum aðstæðum við sumarhúsið, enda hafi hann sjálfur skýrt svo frá að tveimur til þremur dögum fyrir slysið hafi hann átt leið inn í sumarhúsið og gengið þá úr skugga um að dyrnar sem snéru út í grunninn væru læstar. Stefndi átti hins vegar ekki að láta þar við sitja heldur hafi honum borið að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma með öllu í veg fyrir að hægt væri að ganga út um dyrnar. Þá hafi honum einnig verið skylt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir þá hættu sem stafaði af steypustyrktarjárnunum sem stóðu upp úr grunnplötu tengibyggingarinnar, en slík aðgerð hefði án efa leitt til þess að tjón stefnanda hefði orðið mun minna en ella. Stefnandi bendir jafnframt á að líkt og með stefnda B breyti það engu um ábyrgð stefnda þótt talið yrði að stefnandi hafi fallið af palli sumarhússins ofan í grunninn en ekki út um dyrnar. Hafi stefnda enda einnig borið að sjá til þess að ekki stafaði hættu af steypustyrktarjárnunum sem stóðu upp úr grunnplötu tengibyggingarinnar, svo og að sjá til þess að lokað væri fyrir aðgengi um pallinn meðfram austurhlið sumarhússins ásamt því að koma fyrir tilheyrandi merkingum. Sagnæm háttsemi liggi því fyrir af hálfu stefnda og breyti þá engu hvaðan stefnandi kann að hafa fallið ofan í grunninn. Með því að stefndi greip ekki til þeirra öryggisráðstafana sem nauðsynlegar voru til þess að koma í veg fyrir slyshættu á og við framkvæmdasvæðið að [...], svo sem honum var þó skylt samkvæmt ofangreindum lagaákvæðum, hafi hann sýnt af sér sagnæma háttsemi sem aftur hafi leitt til þess að stefnandi varð fyrir verulegu tjóni. Á því verður stefndi að bera ábyrgð. Bendir stefnandi sérstaklega á að sú staðreynd að stefndi B var byggingarstjóri yfir framkvæmdunum geti ekki leyst stefnda undan ábyrgð í þessum efnum, sbr. 36. gr. laga nr. 46/1980.

Að því er varðar skaðabótaábyrgð stefnda D vísar stefnandi sérstaklega til þess að hann hafi verið eigandi sumarhússins að [...] og þar með verkkaupi þegar stefnandi féll í grunn tengibyggingarinnar með fyrrgreindum afleiðingum. Á stefnda hefðu því hvílt ríkar skyldur samkvæmt lögum og almennum reglum að gæta að öryggi á

svæðinu og þá ekki hvað síst með tilliti til þeirra sem í sumarhúsinu dvöldu. Bendir stefnandi á í þessu sambandi að samkvæmt 4. gr. reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996 skuli verkkaupi á hönnunar- og undirbúningsstigi verks gera ráðstafanir sem tryggja að við framkvæmd verksins verði unnt að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Stefnda hafi því borið þegar í byrjun framkvæmda að huga að öryggismálum á svæðinu og þá ekki hvað síst í tengslum við dyrnar sem sneru út í grunninn, enda hafi honum frá upphafi verið ljós sú slyshætta sem tengdist þeim. Í stað þess að koma með öllu í veg fyrir útgöngu um dyrnar hafi hann látið nægja að læsa hurðinni, auk þess sem þókar með golfkylfum voru settir fyrir framan hana eins og áður greinir. Hafi stefnda mátt vera það fullljóst að slíkar ráðstafanir væru engan veginn nægjanlegar eins og á stóð. Stefnandi vísar einnig til þess að á stefnda hafi ekki aðeins hvílt skyldur sem verkkaupa heldur einnig sem eiganda fasteignarinnar. Sé það almennt viðurkennt í íslenskum rétti að á eigendum fasteigna hvíli víðtæk skylda til þess að koma í veg fyrir að þeir sem erindi eiga í fasteignina verði fyrir tjóni. Svo sem áður greinir hafi stefnda ekki getað dulist sú mikla hætta sem skapaðist af dyrunum sem sneru út í grunninn, enda rúmlega þriggja metra fall niður á steinsteypta plötu og lóðrétt steypustyrktarjárn væri út um þær gengið. Hafi honum því verið skylt sem eiganda fasteignarinnar að koma í veg fyrir að hægt væri að ganga út um dyrnar meðan á framkvæmdunum stóð. Með tilliti til öryggis þeirra sem í sumarhúsið komu og dvöldu þar hafi stefnda einnig borið með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að hægt væri að ganga út á pallinn meðfram austurhlið sumarhússins, sem og að tryggja að ekki stafaði hætta af steypustyrktarjárnunum ofan í grunninum. Líkt og með stefndu B og C sé því fyrir hendi saknæm háttsemi af hálfu stefnda, hvort heldur sem talið verður að stefnandi hafi fallið út um dyrnar á sumarhúsinu eða fram af pallinum meðfram austurhlið þess. Á þeirri háttsemi sinni verði stefndi nú að bera ábyrgð samkvæmt almennum reglum þar um.

Eins og fyrr er rakið var stefndi B tryggður lögboðinni starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Félagið hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingunni með þeim rökum að í grein 4.4. í skilmálum vátryggingarinnar sé ákvæði sem feli það í sér að líkamstjón fái ekki bætt. Stefnandi byggir hins vegar á því að stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. hafi verið óheimilt að undanskilja líkamstjón í skilmálum starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Stefnandi bendir á að samkvæmt 3. mgr. 51. gr. þágildandi skipulags- og byggingarlaga hafi byggingarstjóra verið skylt að hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er héldi gildi sínu í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Nánar sé kveðið á um þessa skyldu í byggingarreglugerð nr. 441/1998, en í 33. gr. hennar komi fram að byggingarstjóri skuli hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt geti af gáleysi hans í starfi. Samkvæmt nefndu ákvæði reglugerðarinnar eigi ábyrgðartrygging byggingarstjóra því að ná til alls þess fjárhagstjóns sem leitt getur af störfum byggingarstjóra, þ. á m. líkamstjóns, enda sé líkamstjón fjárhagslegt tjón í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi bendir jafnframt á að um grundvöll ábyrgðar byggingarstjóra fari eftir almennum reglum skaðabótaréttarins, svo sem nú sé beinlínis tekið fram í ákvæði 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki. Þeir sem verði fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi byggingarstjóra eigi því rétt á að fá allt tjón sitt bætt, þ. á m. líkamstjón, enda sé það meginregla í íslenskum skaðabótarétti að tjónþoli fái fullar bætur fyrir tjón sitt. Sé þess þá einnig að geta að í nefndri 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki sé nú áréttað að verði eigandi eða annar þriðji maður fyrir tjóni vegna gáleysis byggingarstjóra í starfi beri hann ábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Sé líkamstjón þar ekki undanskilið. Af ofangreindu leiðir að mati stefnanda að ábyrgðartrygging byggingarstjóra falli í flokk skaðatrygginga svo sem þær eru skilgreindar í 1. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Það gefi hins vegar ekki tilefni til að álykta á þá leið að ábyrgðartryggingar nái ekki til líkamstjóns, enda um tryggingar gegn skaðabótaábyrgð að ræða. Bendi stefnandi í því sambandi á að berlega sé tekið fram, í athugasemdum við 61. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2004, en ákvæðið afmarkar gildissvið þess hluta laganna sem fjallar um persónutryggingar, að ábyrgðartryggingar, sem ætlað er að veita váttryggðum vernd gegn skaðabótaskyldu, sem hann kann að baka sér eftir almennum reglum, bæti líkamstjón í þeim víðtæka skilningi sem lagður er í það hugtak samkvæmt skaðabótalögum, þ.e. bæði líf- og líkamstjón. Samkvæmt framansögðu leiði það því bæði af lögum og almennum reglum að ábyrgðartrygging byggingarstjóra skuli tryggja allt fjárhagslegt tjón sem leitt getur af störfum byggingarstjóra, þ. á m. líkamstjón. Með því að undanskilja líkamstjón í skilmálum sé ljóst að ábyrgðartrygging stefnda Váttryggingafélags Íslands hf. fullnægði ekki kröfum 33. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, enda einungis heimilt að undanskilja sjálfsáhættu tryggingartaka í tryggingarskilmálum slíkra trygginga, sbr. grein 33.3 nefndrar reglugerðar. Hafi stefnda því verið óheimilt að

undanskilja líkamstjón í greindum skilmálum sínum. Hafi ákvæði þar um því verið ólögmaett og geti enga þýðingu haft gagnvart tjónþola sem sækir rétt sinn til bóta á grundvelli slíkrar lögboðinnar starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra. Verði að hafa í huga í því sambandi að verulegar takmarkanir séu á því hvaða mótbáruur váttryggingafélög geta haft uppi gagnvart bæði váttryggingartaka og tjónþola þegar um lögboðna ábyrgðartryggingu er að ræða, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 30/2004. Fyrir liggir samkvæmt því sem áður er rakið að stefndi B gætti ekki að því í störfum sínum á og við framkvæmdasvæði viðbyggingarinnar að [...] að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Vanræksla hans hafi orðið til þess að stefnandi varð fyrir verulegu tjóni. Sé því ljóst að stefnandi eigi rétt til skaðabóta úr starfsábyrgðartryggingu stefnda hjá hinu stefnda tryggingafélagi, enda hafi stefndi uppfyllt tryggingarskyldu sína með því að kaupa starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu, sbr. grein 33.1. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Verði því að taka kröfu stefnanda til greina og viðurkenna rétt hans til skaðabóta úr starfsábyrgðartryggingu stefnda B hjá stefnda Váttryggingafélagi Íslands hf.

Stefndi D var sem fyrr segir tryggður ábyrgðartryggingu húseiganda hjá stefnda Váttryggingafélagi Íslands hf. Eigi stefnandi samkvæmt því rétt til skaðabóta úr þeirri tryggingu, enda bæti tryggingin tjón sem váttryggður ber skaðabótaábyrgð á sem eigandi húseignar. Stefndi Váttryggingafélag Íslands hf. hafnaði hins vegar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnda á þeim grundvelli að ósannað sé að stefnandi hafi fallið út um dyrnar á austurhlið sumarhússins að [...]. Sé því ósannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar á framkvæmdasvæðinu. Stefnandi hafnar því hins vegar að stefndi Váttryggingafélag Íslands hf. geti vikið sér undan bótaskyldu á framangreindum grundvelli. Tiltekur hann í þessu sambandi að af tvennu mögulegu sé sú atburðarás mun sennilegri að stefnandi hafi fallið út um dyrnar á austurhlið sumarhússins og þaðan niður í grunninn. Verði við það að miða að sú hafi verið raunin og þá ekki hvað síst í ljósi niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar. Sé ekki tækt að stefnanda verði gert að færa fram frekari sönnun að þessu leyti, enda liggir fyrir að stefndu B, C og D hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi við framkvæmdirnar og aðbúnað á fasteigninni. Telji stefndu, þ. á m. stefndi Váttryggingafélag Íslands hf., að slysið hafi borið að með öðrum hætti, standi upp á þá að færa sönnur fyrir þeim getgátum sínum. Stefnandi áréttar hins vegar að það breyti litlu um ábyrgð stefndu B, C og D þótt þeim lánist að sanna að stefnandi hafi fallið af palli sumarhússins, enda hafi þeim öllum

borið skylda til að loka fyrir aðgengi að pallinum meðfram austurhlið sumarhússins, sem og að gæta að því að ekki stafaði hættu af steypustyrktarjárnunum ofan í grunninum. Skaðabótaábyrgð stefnda D liggi því fyrir hvort heldur sem er. Þar sem stefndi D hafi sem eigandi fasteignarinnar að [...] valdið skaðabótaskyldu tjóni með vanrækslu sinni og ófullnægjandi aðstæðum á slysstað sé ljóst að stefnandi eigi rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu stefnda hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Verði ekki lagt á herðar stefnanda að færa fram frekari sönnur fyrir því að slysið hafi borið að með þeim hætti sem hann heldur fram. Liggi ábyrgð stefnda enda fyrir hvort heldur sem er. Verði því að viðurkenna rétt stefnanda að þessu leyti.

IV

Stefndu D og Vátryggingafélag Íslands hf. hafa skilað sameiginlegri greinargerð í málinu.

Sýknukröfu sína að því er tekur til þeirrar kröfu stefnanda sem snýr að starfsábyrgðartryggingu stefnda B hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. byggir félagið á því að umrætt slys falli ekki undir skilmála byggingarstjóratryggingarinnar. Það geti því ekki komið til álita að stefnandi geti átt bótarétt á hendur félaginu úr nefndri tryggingu og breyti þá engu hvort stefndi B verði talinn bera skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda eða ekki. Ekki sé ágreiningur um að byggingarstjóratryggingin var til staðar og í gildi á þeim tíma sem slysið varð, enda lagaskylda að hafa slíka tryggingu. Bótasvið tryggingarinnar nái hins vegar ekki til líkamstjóns, sbr. gr. 4.4. í skilmálum hennar, en þar sé mælt fyrir um það að vátryggingin bæti ekki líkamstjón og skemmdir á munum. Þar af leiðandi eigi stefnandi ekki rétt á bótum úr tryggingunni. Þá hafnar stefndi því að ólögmaett sé að hafa slíkt ákvæði í skilmálum tryggingarinnar og er öllum rökum og málsástæðum stefnanda hvað það varðar alfarið mótmælt. Bótasvið tryggingarinnar sé skilgreint í 4. gr. skilmálanna. Samkvæmt gr. 4.1. sé tjón sem vátryggingin bætir afmarkað með eftirfarandi hætti: „Almennt fjártjón viðskiptamanna vátryggðs sem rakið verður til þess að ekki hefur verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, enda hafi vátryggður með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á hlutaðeigandi mannvirki fyrir byggingarfulltrúa og tjónið fallið undir þá ábyrgð að lögum.“ Telur stefndi fyllilega heimilt að undanskilja líkamstjón í skilmálum fyrir starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra og byggir það á eftirfarandi rökum. Umrædd tryggingarskylda byggist á 3. mgr. 51. gr.

skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sem voru í gildi á þeim tíma sem slysið varð. Í því sagði svo: „Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.“ Inntak ábyrgðarinnar felist í því að þess skuli gætt að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Ekki sé kveðið á um tryggingarskyldu fyrir annarri ábyrgð í þessu ákvæði laganna né öðrum ákvæðum þeirra eða annarra laga. Ljóst megi vera samkvæmt þessu að sú ábyrgð byggingarstjóra, sem honum er samkvæmt þessu skylt að tryggja sig fyrir, snúi eingöngu að faglegri framkvæmd við verkið. Hans hlutverk sé að sjá til þess að framkvæmdir á byggingarstað séu lögmætar og í samræmi við samþykktar teikningar og að tilskilin leyfi liggi fyrir frá þar til bærum yfirvöldum. Ábyrgðarsvið hans sé þannig lögum samkvæmt bundið við þá framkvæmd sem hann hefur umsjón með. Orðalag 3. mgr. 51. gr. laganna verði ekki skilið með öðrum hætti en svo að inntak ábyrgðarinnar felist í þessu og engu öðru. Í byggingarreglugerð nr. 441/1998 sé að finna ákvæði um byggingarstjóra og þá tryggingu sem hann skal hafa. Sé fjallað um trygginguna í 33. gr., þar sem tekið sé fram að byggingarstjóri skuli hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns sem getur leitt af gáleysi í starfi hans. Nánar sé síðan kveðið á um það hvernig hann geti uppfyllt tryggingarskyldu sína og þá m.a. með kaupum á starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi. Þá sé í greininni fjallað um fjárhæð tryggingarinnar og hver hún skuli að lágmarki vera og að krefjast megi frekari trygginga ef framkvæmdir eru umfangsmiklar. Loks segi svo í ákvæðinu að skilmálar vegna trygginga skuli kynntir umhverfisráðuneytinu áður en þeir eru boðnir viðkomandi aðilum og sé um váttryggingu að ræða skuli þeir jafnframt kynntir Váttryggingaeftirliti. Af tilvitnuðum reglugerðarákvæðum verði ekki annað ráðið en að tryggingin skuli bæta tjón sem verður vegna gáleysis byggingarstjóra við að stýra framkvæmdum og sjá til þess að byggt sé eftir samþykktum teikningum o.s.frv., sbr. í þeim efnunum 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga, enda verði að gera ráð fyrir að það ákvæði sé heimildarákvæði 33. gr. reglugerðarinnar. Byggingarstjóra beri því lögum samkvæmt að kaupa sér tryggingu vegna tjóns sem á hann kann að falla vegna þeirra verkefna

sem honum ber að sjá um sem byggingarstjóri, eins og það verksvið er skilgreint í laga- og reglugerðarákvæðum samkvæmt framansögðu. Honum beri ekki skylda til að kaupa sér tryggingu vegna annars. Undir trygginguna falli því eingöngu tjón sem verður þegar hann hefur ekki staðið sig sem skyldi sem byggingarstjóri og ekki uppfyllt þær skyldur um umsjón og eftirlit sem 3. mgr. 51. gr. laganna leggur honum á herðar. Tilvísun í „fjárhagstjón“ í reglugerðarákvæðinu breyti þessu ekki og geti ekki leitt til þess að líkamstjón falli undir trygginguna, enda sé ekki kveðið á um það í lögnum, sem eru grundvöllur reglugerðarinnar, að tryggingin eigi að ná yfir slíkt tjón. Hafi starfsábyrgðartryggingin einnig átt að taka til líkamstjóns hefði það þurft að koma skýrt fram í lögnum sjálfum. Reglugerðarákvæðið eitt og sér breyti ekki skýru ákvæði laganna, enda alls ekki hægt að skilja hið tilvitnaða orð með þeim hætti að þar undir falli líkamstjón. Slíkt reglugerðarákvæði hefði þá ekki lagast og væri þar með ólöglegt. Í raun sé ekki í lögnum kveðið á um að um nánari útfærslu tryggingarinnar skuli mælt í reglugerð nema með mjög almennum hætti, sbr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þar sé reyndar ekkert minnst á starfsábyrgðartrygginguna, eingöngu að kveða skuli nánar á um réttindi og skyldur byggingarstjóra í reglugerðinni. Reglugerðarheimildin að því er varðar trygginguna sé því mjög takmörkuð og geti alls ekki sagt til um bótasvið hennar umfram það sem lögin sjálf kveða á um og alls ekki víkkað það út eins og stefnandi telur vera. Er þá bent á að í 3. mgr. 51. gr. laganna komi ekki fram að kveða skuli á um réttindi og skyldur byggingarstjóra með reglugerð eða að þar skuli nánar kveða á um þá starfsábyrgðartryggingu sem byggingarstjóra ber að hafa eða hvert skuli vera bótasvið hennar. Loks er um þennan þátt máls tekið fram að ef fallist yrði á túlkun stefnanda samkvæmt framansögðu leiði af því að undanskilið sé tjón sem verður á ófjárhagslegum hagsmunum, þ.e. þjáninga- og miskabætur. Styðji það enn frekar að skilningur stefnanda hvað þetta varðar fái ekki staðist.

Komi til þess að litið verður svo á að líkamstjón falli undir bótasvið byggingarstjóratriggingarinnar byggist sýknukrafa stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. á því að umrætt slys verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu stefnda B í störfum hans sem byggingarstjóri. Eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir sé umrædd trygging starfsábyrgðartrygging sem taki yfir tjón sem rekja megi til vanrækslu byggingarstjóra á skyldum sem lagðar eru á hann samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga, þ.e. að hafa ákveðna umsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Augljóst sé af ákvæðinu að með því sé löggjafinn ekki að

kveða á um tryggingarskyldu byggingarstjóra vegna annars en þar er skýrt kveðið á um, sbr. umfjöllun hér að framan um inntak ábyrgðarinnar og faglegt ábyrgðarsvið byggingarstjóra. Til að tjón bætist úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra verði því að vera hægt að rekja það til þess að byggingarstjórinn hafi vanrækt skyldur sínar með einhverjum hætti, þ.e. hann hafi ekki gætt þess að byggt væri í samræmi við samþykka uppdrætti og lög og reglugerðir, sbr. tilvitnað lagaákvæði. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjórans taki þannig ekki til þess ef starfsmaður verður fyrir vinnuslysi á vinnustaðnum. Um það gildi önnur svið lögfræðinnar. Ábyrgð byggingarstjóra geti vissulega verið víðtækari en leiðir af ákvæðinu, en sú ábyrgð byggist þá á öðrum grundvelli og falli ekki undir starfsábyrgðartrygginguna. Hann geti til að mynda orðið ábyrgur samkvæmt vinnuverndarlöggjöfinni og þannig borið ábyrgð á líkamstjóni sem rekja má til þess að hann hafi ekki uppfyllt þær skyldur sem lög nr. 46/1980 leggja á hann. Slíkt tjón verði hins vegar ekki rakið til brota á eftirlitsskyldum hans sem byggingarstjóri og bætist ekki úr lögbundinni starfsábyrgðartryggingu hans. Gildissvið starfsábyrgðartryggingar eins og það er afmarkað í skilmálum tryggingarfélaganna sé í samræmi við umfang ábyrgðar byggingarstjóra samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga. Í þeim lögum sé kveðið á um tryggingarskyldu og því eðlilegt að bótasvið tryggingarinnar afmarkist við það ákvæði sem miðar almennt að því að tryggja að tækni- og fagkröfur séu uppfylltar, meðan ákvæðum vinnuverndarlaga sé ætlað að tryggja öryggi þeirra sem starfa á verkstað. Brot á þessum reglum fari alls ekki saman. Tjón það sem stefnandi varð fyrir hafi ekki komið til vegna þess að stefndi B hafi sem byggingarstjóri vanrækt þær skyldur sem á honum hvíldu í því starfi. Stefnandi hafi í það minnsta ekki sýnt fram á neitt slíkt. Ekki sé því fyrir að fara bótarétti til handa stefnanda úr byggingarstjórtryggingu stefnda hjá hinu stefnda félagi og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna félagið af kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á kröfu stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. um sýknu á grundvelli framangreindra röksemda að því er tekur til kröfu stefnanda um rétt hans til skaðabóta úr starfsábyrgðartryggingu stefnda B byggir félagið sýknukröfu sína í þeim þætti málsins á því að slys stefnanda verði ekki rakið til neinnar saknæmrar háttsemi af hálfu stefnda. Sýknukrafa hvað varðar stefnda D er einnig byggð á því að ósannað sé að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi hans. Af því leiði að stefnandi geti ekki átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu hans hjá félaginu. Að því er framangreint varðar

er vísað til eftirfarandi röksemda, sem almennt eiga við um saknæmi. Í upphafi er tekið fram að hér eigi við almennar sönnunarreglur. Í því felist að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að slysið megi rekja til einhverra atvika sem stefndu B og D geti borið ábyrgð á lögum samkvæmt. Einnig hvíli sönnunarbyrðin á stefnanda varðandi það að hann hafi sjálfur enga ábyrgð borið á því að hann slasaðist. Stefnandi byggir á því að stefndu B og D, saman með stefnda C, beri óskipta ábyrgð gagnvart stefnanda á því að stefnandi féll í grunn viðbyggingarinnar. Grundvalli stefnandi málatilbúnað sinn á því að stefndu hafi allir sýnt af sér saknæma háttsemi og séu þannig allir ábyrgir samkvæmt sakarreglunni. Hin meinta saknæma háttsemi stefndu sé nánar tiltekið talin felast í því að aðstæður við sumarhúsið hafi verið óforsvaranlegar og hættulegar þar sem þess hafi ekki verið gætt að varna því að hægt væri að ganga út um dyr á austurhlið hússins, umferð um pallinn á þeirri hlið hafi ekki verið hindruð, steypustyrktarjárn hafi staðið upp úr grunninum og engar öryggismerkingar eða viðvaranir um hættu hafi verið settar upp. Stefndu mótmæla því alfarið að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi með framangreindum hætti. Fyrir liggir að ósannað sé með öllu hvernig stefnandi féll í grunninn og hvar hann var staðsettur þegar það gerðist. Stefnandi haldi því fram í stefnu að eingöngu komi tveir staðir til álita, þ.e. að hann hafi annaðhvort fallið út um dyrnar á austurhlið hússins eða fallið af pallinum sem lá þar meðfram. Að mati stefndu verði engu slegið föstu um þetta. Þannig liggir það til að mynda fyrir samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu að dyr á austurhlið hússins hafi verið lokaðar þegar lögregla kom á staðinn skömmu eftir að slysið varð og að golfpokar sem komið hafði verið fyrir til að hindra aðgengi að þeim að innanverðu hefðu verið á sínum stað. Hurðin hafi að auki verið læst. Með þessum ráðstöfunum hafi þess verið nægilega gætt að ekki væri gengið um dyrnar á austurhlið hússins. Því sé einnig alfarið mótmælt að ekkert hafi verið gert til að koma í veg fyrir fall af pallinum ofan í grunninn eða að nauðsynlegt hafi verið að hindra það alveg að hægt væri að ganga um pallinn meðfram austurhlið hússins. Fyrir liggir að sett hafi verið upp girðing báðum megin við opið sem myndaðist þegar tekið var úr pallinum vegna framkvæmdanna og af myndum af vettvangi sé ekki annað að sjá en að hún hafi verið áþekkt þeirri girðingu sem er umhverfis pallinn og jafnvel ívið hærri. Stefndu mótmæla því einnig að saknæmi þeirra geti falist í því að hafa ekki gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu af steypustyrktarjárnnum og að hafa ekki komið fyrir öryggismerkingum og hættuviðvörðum. Fullkomlega eðlilega hafi verið staðið að framkvæmdum við umræddan grunn og engar reglur brotnar í því sambandi, en

sönnunarbyrðin um hið gagnstæða hvíli í einu og öllu á stefnanda. Við mat á saknæmi sé ekki hægt að líta fram hjá því að stefnandi þekkti vel til á staðnum og til þeirra framkvæmda sem þar voru í gangi, enda sjálfur tekið þátt í þeim, m.a. daginn áður en slysið varð. Stefnandi hafi þannig haft fulla vitneskju um það að tekið hafði verið úr pallinum og hvernig frágangi við pallinn og hurðina var háttað og í hvaða tilgangi golfpokarnir höfðu verið settir fyrir hurðina að innanverðu.

Svo sem fram er komið grundvallar stefnandi kröfu sína á hendur stefnda D annars vegar á því að hann hafi sem verkkaupi brotið gegn 4. gr. reglna nr. 547/1996 þar sem ráðstafanir til að tryggja að ekki væri gengið um dyrnar á austurhlið hússins hefðu ekki verið nægjanlegar. Hins vegar að honum hafi sem eiganda fasteignarinnar verið skylt að koma í veg fyrir að þeir sem áttu erindi að vinnusvæðinu yrðu fyrir tjóni. Þessu er alfarið mótmælt af hálfu stefnda. Eins og þegar hafi verið ítarlega rakið sé ljóst af rannsókn lögreglu á vettvangi að þess hafi verið gætt með fullnægjandi hætti að ekki væri gengið um umræddar dyr og að aðstæður allar hafi þar verið með þeim hætti að telja verði ólíklegt að stefnandi hafi farið þar um. Þá hafi girðing verið sett upp báðum megin þar sem tekið hafði verið úr pallinum. Ekkert liggi fyrir í málinu um að þær girðingar hafi á einhvern hátt verið vanbúnar. Þá liggi ekki annað fyrir en að framkvæmdirnar sjálfar hafi verið með eðlilegum og forsvaranlegum hætti. Það sé því með öllu ósannað að umbúnaður við húsgrunninn vegna framkvæmdanna hafi á einhvern hátt verið óforsvaranlegur, svo sem stefnandi heldur fram, og hafi sem slíkur átt þátt í falli hans. Er þá jafnframt áréttað að stefnandi hafi verið þaulkunnugur aðstæðum, enda um sumarhús foreldra hans að ræða, og hann hafi verið þátttakandi í þeim framkvæmdum sem þar voru í gangi. Hann hafi því verið fyllilega upplýstur um allar aðstæður, bæði við hurðina, pallinn og grunninn sem og þær ráðstafanir sem gerðar höfðu verið til að koma í veg fyrir að dyrnar á austurhlið hússins væru notaðar.

Í málatilbúnaði stefnanda á hendur stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna ábyrgðartryggingar sem stefndi D var með hjá félaginu er vísað til sömu sjónarmiða og saknæmi stefnda D grundvallast á samkvæmt framansögðu, enda verði réttur til skaðabóta úr tryggingunni fyrst virkur ef sök vátryggingartaka er sönnuð. Eins og þegar hefur verið rakið liggi sú sök ekki fyrir og breyti þá engu hvort stefnandi féll út um dyrnar á austurhlið hússins eða af pallinum. Ekkert liggi heldur fyrir um það hvort stefnandi féll út um dyrnar eða af pallinum. Sé í raun algjörlega ósannað með hvaða

hætti stefnandi féll í grunninn. Þannig liggi ekki fyrir að einhver annar en stefnandi sjálfur geti borið ábyrgð á fallinu.

Eins og þegar hefur verið lýst byggir hið stefnda tryggingafélag sýknukröfu sína á því að meint saknæm háttsemi stefnda B falli ekki undir starfsábyrgðartryggingu hans sem byggingarstjóra og því geti stefnandi ekki átt bótarétt úr þeirri tryggingu hjá félaginu. Verði ekki á þetta fallist er öllum rökum og sjónarmiðum stefnanda um meinta saknæma háttsemi stefnda mótmælt. Þegar hafi verið gerð grein fyrir að ekki geti verið um að ræða brot á starfsskyldum byggingarstjóra og vísast til umfjöllunar um það. Vegna tilvísunar til ábyrgðar stefnda sem húsasmíðameistari, sbr. 1. mgr. 52. gr. skipulags- og byggingarlaga, falli það starf sem slíkt ekki undir byggingarstjórtrygginguna, enda taki hún eingöngu til þess þegar hann starfar sem byggingarstjóri. Stefnandi haldi því fram að stefndi hafi brotið gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglugerða nr. 441/1998 og nr. 547/1996. Sé hér um að ræða ákvæði um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Um þetta sé fyrst til þess að líta að tilvitnuð ákvæði eiga fyrst og fremst við um vinnustaði og séu sett til verndar þeim sem þar vinna á meðan þeir eru við vinnu. Markmið þeirra sé að tryggja öryggi starfsmanna þegar vinna er í gangi en ekki að vinnustaður sé nægilega varinn fyrir utanaðkomandi. Þegar af þeirri ástæðu geti skaðabótaábyrgð stefnda ekki grundvallast á því að umrædd ákvæði vinnuverndarlöggjafarinnar hafi verið brotin. Ekkert liggi heldur fyrir um það að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegar eða ekki gætt að aðbúnaði þar eða hollustuháttum í skilningi 37. gr., sbr. 42. gr., laga nr. 46/1980 eins og stefnandi heldur fram. Geri stefnandi enda enga grein fyrir því í stefnu með hvaða hætti hafi verið brotið gegn þessum ákvæðum, en almenn tilvísun til þeirra dugi ekki til sakarábyrgðar. Þá megi draga í efa að stefndi hafi í umrætt sinn getað talist atvinnurekandi í skilningi laganna eða haft með höndum atvinnustarfsemi, sbr. 90. gr. laga nr. 46/1980, þar sem hér hafi verið um að ræða eina tiltekna framkvæmd og fjölskyldutengsl milli aðila og stefnandi þannig séð ekki í vinnu hjá stefnda.

Stefnandi vísar í stefnu til ákvæða reglugerða sem hann telur að stefndi hafi brotið gegn með saknæmum hætti. Þessu er alfarið mótmælt. Þannig er því í fyrsta lagi mótmælt að á stefnda hafi hvílt skylda til að setja upp einhver þau merki sem 3. gr. reglna nr. 707/1995 kveður á um, enda komi fram í ákvæðinu að þau skuli eingöngu setja upp ef ekki er hægt að draga úr hættu með almennum

varúðarráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulagi. Fyrir liggi að það hafi einmitt verið gripið til sérstakra ráðstafana sem hentuðu því svæði sem unnið var á og með hliðsjón af fyrirkomulagi vinnunnar og aðstæðum öllum. Þá er því í öðru lagi mótmælt að greinar 1.2., 1.4. og 1.5 í A-hluta IV. viðauka reglna nr. 547/1996, sbr. 8. gr. reglnanna, eigi við í því tilviki sem um ræðir í málinu þannig að á stefnda hafi hvílt einhverjar skyldur að setja upp merkingar og skilti eins og kveðið er á um í gr. 1.4. eða að hafa sérstaka gæslu, sbr. gr. 1.5. Liggi ekkert fyrir um að umrætt svæði hafi verið sérstaklega hættulegt í skilningi ákvæðanna og að sérstakar ráðstafanir hafi verið nauðsynlegar. Er þá enn og aftur á það bent að um var að ræða framkvæmd við sumarhús foreldra stefnanda sem stefnandi sjálfur tók fullan þátt í og var hann því vel kunnugur öllum aðstæðum. Í þriðja lagi er því mótmælt að brotið hafi verið gegn 8. gr. IV. viðauka reglna nr. 547/1996 um frágang bendijárna. Liggi ekkert fyrir um það í málinu að frágangur á svæðinu hafi verið með óvenjulegum eða óforsvaranlegum hætti. Beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að svo hafi verið, en slík sönnun liggi ekki fyrir eða að hvaða leyti frágangur var í ólagi og hvernig hann þá skyldi vera. Í fjórða lagi er því mótmælt að b-liður 27. gr. IV. viðauka reglna nr. 547/1996 geti átt við í málinu, enda eigi það ákvæði við um uppgröft, vinnu við brunna, neðanjarðarvinnu, gangagerð og jarðvegsvinnu. Engin slík vinna hafi verið í gangi á svæðinu í umrætt sinn. Þá fjalli gr. 31.1. í sama viðauka um vinnu á þökum og eigi því ekki við hér.

Verði ekki fallist á sýknu á grundvelli þess sem að framan er rakið byggist sýknukrafan á því að stefnandi verði að bera allt tjón sitt sjálfur vegna eigin sakar. Byggist það á áralangri dómvenju um brottfall bótaréttar vegna eigin sakar. Samkvæmt gögnum málsins gerðist slysið um nótt og liggi fyrir að stefnandi hafði drukkið áfengi áður en hann lagðist til svefns. Ósannað sé hvernig stefnandi féll í grunninn en fyrir liggur að hann hafi farið á fætur til þess að fara út þótt ekki sé vitað í hvaða tilgangi. Eins og þegar hafi verið rakið í umfjöllun um sakarábyrgð og bótarétt hafi stefnandi sjálfur verið gjörkunnugur öllum aðstæðum á staðnum. Stefnanda hafi því verið kunnugt um að ekki átti að ganga um dyrnar á austurhlið hússins og vitað af hverju golfsettin höfðu verið sett þar fyrir framan. Stefnanda hafi sömuleiðis verið kunnugt um að tekið hafði verið úr pallinum þar sem tengibyggingin skyldi koma og að opið var þar niður í grunninn og girðingar settar þar við beggja vegna. Hafi stefnandi fallið út um þessar dyr hafi hann sýnt af sér gáleysislega hegðun og fyrirgert

með öllu bótarétti sínum, enda megi ætla að hann hefði þurft að hafa þó nokkuð fyrir því að komast þar út. Sama eigi við hafi hann fallið af pallinum, en í því tilviki hljóti hann að hafa þurft að klifra yfir girðinguna sem þar var. Að öðru leyti vísast að því er þessa sýknuástæðu varðar til framangreindrar umfjöllunar um saknæmi og bótarétt eftir því sem við á.

Verði ekki fallist á sýknu byggja stefndu Vátryggingafélag Íslands hf. og D, og eftir atvikum stefndi B ef litið yrði svo á að bótaréttur væri fyrir hendi úr byggingarstjóratryggingu hans hjá félaginu, að skipta beri sök í málinu og leggja stærsta hluta ábyrgðar á slysinu á stefnanda sjálfan vegna eigin sakar hans. Bótaskylda stefnda D og bótaréttur stefnanda úr tryggingum hjá hinu stefnda félagi verði þá aðeins viðurkennd að hluta. Vísað er þessu til stuðnings til sömu sjónarmiða og rakin eru hér að framan vegna eigin sakar.

V

Stefndi B byggir kröfu sýna um sýknu á því að ekkert sé komið fram í málinu sem bendi til skaðabótaábyrgðar hans gagnvart stefnanda. Ekkert liggi fyrir í málinu um það hvernig slysið átti sér stað og sé því ósannað að það megi rekja til athafna eða athafnaleysis stefnda. Skilyrðum sakarreglunnar sé því hvergi nærri fullnægt til að leggja megi skaðabótaábyrgð á stefnda. Þar sem ekki liggi fyrir með hvaða hætti slysið bar að höndum sé ekki unnt að meta sök, orsakatengsl hinnar meintu saknæmu háttsemi við slysið eða hvort slysið hafi verið sennileg afleiðing háttseminnar.

Eins og fram komi í stefnu byggja stefnandi málatilbúnað sinn á því að hann hafi fallið út um dyr á austurhlið hússins, en viðurkennir þó að ekki sé með öllu ljóst með hvaða hætti hann féll niður í húsgrunninn. Telur stefnandi að það fái með engu móti staðist að hann hafi farið út á pallinn um miðja nótt á nærklæðum einum fata og dottið þaðan yfir upphækkað grindverk á pallinum og niður í grunninn og því hljóti hann að hafa fallið út um dyrnar. Ábyrgð stefnda sé síðan grundvölluð á því að skort hafi á að farið hafi verið eftir ákvæðum laga og reglna um öryggi við byggingarframkvæmdir og því beri stefndi ábyrgð sem byggingarstjóri og húsasmíðameistari.

Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi í fyrsta lagi á að hann telji stefnda hafa átt að koma í veg fyrir að hægt væri að ganga út um dyr sem tengdust út í grunn tengibyggingarinnar á austurhlið sumarhússins. Stefndi heldur því fram að

öryggisráðstafanir við umræddar dyr hafi miðað við aðstæður verið fullnægjandi. Þungum golfsettum hafi verið komið fyrir framan við dyrnar, þannig að útilokað var að komast að þeim án þess að færa eða fjarlægja golfsettin fyrst. Að auki hafi dyrnar verið læstar. Hafi umbúnaði verið þannig háttað að óviðkomandi ætti að vera ljóst að ekki væri unnt að ganga um dyrnar og þeim er gjörþekkti aðstæður eins og stefnanda verið ómögulegt annað en að vita hvernig í pottinn var bóúð. Til þess að falla út um dyrnar hefði hann þurft að fjarlægja golfpokana til að komast að dyrunum, aflæsa síðan hurðinni og opna dyrnar þrátt fyrir að vita hver staðan var fyrir utan þær. Útilokað sé að ætla byggingastjóra og húsasmíðameistara að ganga svo langt í slysavörnum að útiloka með öllu að maður sem er þaulkunnugur aðstæðum og aðsteðjandi hættu geti af ásetningi brotist í gegnum slysavarnir og valdið sjálfum sér tjóni með stórkostlega gáleysislegri háttsemi. Hafi stefnandi dottið út um dyraopið þá sé það alfarið hans eigin sök því honum hafi verið ljós sú hættu sem fylgdi því að fjarlægja þær hindranir er voru í veginum og opna dyrnar. Verði á hinn bóginn talið að öryggisbúnaði við dyr á austurhlið hafi í raun verið ábótavant þá hafi það engin áhrif við mat á sök stefnda því ekkert liggi fyrir um að stefnandi hafi fallið út um dyrnar. Því sé aðeins haldið fram að það sé „með ólíkindum að hann hafi farið út á pallinn um miðja nótt á nærklæðum einum fata“. Af þessu sé síðan dregin sú ályktun að hann hljóti að hafa dottið út um dyraopið. Hér gangi stefnandi út frá þeirri forsendu að hann hafi verið allsgáður og hugsað rökrétt. Engar forsendur séu til þess, svo sem sýnt hafi verið fram á með framlögðum gögnum. Það sé með öðrum orðum ósannað að stefnandi hafi fallið út um dyrnar og niður í grunninn. Ýmislegt í gögnum málsins bendi til hins gagnstæða. Skýrsla E lögreglumanns og ljósmyndir sem hann tók á vettvangi bendi eindregið til þess að stefnandi hafi ekki fallið út um dyraopið. E hafi komið á vettvang þegar enn var verið að hlyna að stefnanda í grunninum. Hann hafi m.a. tekið ljósmynd sem sýni að dyrnar voru lokaðar og golfsettum raðað haganlega fyrir þær. Verði að telja ólíklegt að meðan aðstandendur voru að sinna stefnanda í húsgrunninum hafi einhver þeirra brugðið sér frá til að loka dyrunum og raða golfsettunum upp aftur. Þá sé það mat E samkvæmt skýrslu hans að ólíklegt sé að stefnandi hafi opnað dyrnar og farið fram hjá golfpokunum sem raðað hafði verið fyrir hurðina og fallið þar út án þess að golfpokarnir færðust úr stað. Þá komi einnig fram í skýrslunni að hvorki H, bróðir stefnanda, né I, móðir hans, hafi vitað hvort dyrnar hafi verið opnar eða lokaðar þegar komið var að stefnanda. Hið sama sé haft eftir stefnda D í skýrslu hans hjá lögreglu, svo og að honum fyndist skrýtið að stefnandi hafi farið

þar út þar sem nokkrum golfsettum hafi verið komið fyrir framan við dyrnar til að varna því að fólk notaði þær. Enn fremur komi fram í skýrslu E að aðstæður hafi verið með þeim hætti að hafi stefnandi fallið út um dyrnar hefðu þær átt að vera opnar þegar að var komið. Þá megi ljóst vera að nokkur hætta hefur falist í því að teygja sig í hurðarhúninginn út um dyraopið til að loka dyrunum. Hafi þeim verið lokað eftir slysið ætti sá sem það gerði að muna eftir því, en hann hafi að auki þurft að koma golfsettunum fyrir að nýju. Verði að teljast ólíklegt að nokkur viðstaddra hafi ráðist í þessar aðgerðir frá því að foreldrum stefnanda og bróður hans varð það ljóst að hann hafði fallið í grunninn og þar til E kom á vettvang, enda allt snúist um að veita stefnanda aðhlyningu. Samkvæmt framangreindu sé ekki aðeins ósannað að stefnandi hafi fallið út um dyraopið á austurhlið hússins heldur sé það líka ólíklegt að slysið hafi borið að með þeim hætti. Það sé því með öllu ósannað að meintur skortur á öryggi við dyrnar á austurhlið hússins hafi átt þátt í því að slysið varð.

Stefnandi telur að stefndi hafi átt að hlutast til um að lokað yrði með öllu fyrir aðgengi að pallinum meðfram austurhlið hússins. Stefndi byggir á því að það sé í samræmi við öryggiskröfur við þær aðstæður sem þarna voru uppi að reisa handrið sem var u.þ.b. eins metra hátt og með hnélista í 50 cm hæð. Óþarft hafi verið að loka fyrir alla umferð um pallinn þegar svo veglegt handrið hafði verið reist. Megi í þessu sambandi m.a. vísa til B-kafla 21. gr. viðauka IV við reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

Stefnandi heldur því fram að gera hafi átt ráðstafanir til að draga úr hættu vegna steypustyrktarjárna, t.d. með því að beygja þau eða leggja plötur yfir þau. Ekki sé venja við byggingarframkvæmdir né krafa samkvæmt þeim reglum sem stefnandi vísar til að fara út í slíkar aðgerðir þegar samfella er í byggingarframkvæmdum. Það sé aðeins þegar framkvæmdir eru stöðvaðar að ætlast sé til þess að gripið sé til slíkra aðgerða. Það hafi ekki átt við í þessu tilviki þar sem vinna við bygginguna var í fullum gangi og fyrir lá að aðeins var dagaspursmál hvenær slegið yrði upp veggjum ofan á járnin sem stefnandi féll á.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi vanrækt að setja upp nauðsynlegar öryggismerkingar og hættuviðvaranir. Ekki sé rökstutt hvernig slíkar merkingar hefðu getað komið í veg fyrir slysið. Slíkar ráðstafanir séu almennt gerðar til að vara

óviðkomandi við að hætta sé á tilteknum svæðum. Öryggismerkingum og hættuviðvörðunum sé almennt ekki ætlað að auka öryggi þeirra sem þaukunnugir eru staðháttum og er kunnugt um þá staði sem nauðsynlegt er að gæta varúðar á. Rétt sé þó að fjalla í þessu sambandi um undantekningarákvæði sem stefnandi vísar til og er að finna í 3. gr. reglna um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum nr. 707/1995 þar sem ætlunin sé að merkingar nái til starfsmannanna sjálfra sem eiga þó að þekkja aðstæður á vinnustað. Ákvæðið eigi á hinn bóginn ekki við í þessu máli þar sem það taki aðeins til staða á vinnustað þar sem hætta verður ekki umflúin eða ekki er hægt að draga úr henni með almennum varúðarráðstöfunum eða ráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulagi. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar hafi verið gerðar aðrar ráðstafanir og öðrum aðferðum verið beitt og því engin þörf á merkingu eins og þeirri sem reglugerðarákvæðið mælir fyrir um. Tilvísun stefnanda til gr. 2.1.4. í I. viðauka reglnanna hafi hér enga þýðingu, enda hafi ákvæðið ekkert sjálfstætt gildi heldur taki það eingöngu til þeirra aðstæðna sem kveðið er á um í 3. gr. þeirra.

Stefndi hafnar því að við mat á meintri sök hans verði byggt á grein 1.2. í A-hluta viðauka IV í reglugerð nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Ákvæðið mæli fyrir um að ganga skuli svo frá ófullgerðu húsi eða mannvirki að sem minnst hætta stafi af því fyrir óviðkomandi. Þar sem stefnandi geti ekki talist óviðkomandi í skilningi ákvæðisins geti það ekki átt við í þessu máli auk þess sem frágangur hafi verið með þeim hætti að ekki stafaði hætta af fyrir óviðkomandi. Grein 1.4. í sama viðauka eigi einnig við um óviðkomandi umferð. Það ákvæði eigi því ekki heldur við í tilviki stefnanda. Það sama megi segja um grein 1.5. Þar sé jafnframt fjallað um sérstaka gæslu þegar óvenjulegt hættuástand ríkir á verkstað. Það verði að teljast fráleitt að gera kröfu um að stefndi komi upp sérstakri öryggisgæslu við þær aðstæður sem voru á þeim verkstað þar sem slysið varð til að varna því að óviðkomandi lentu í hættulegum aðstæðum.

Að því er varðar tilvísun stefnanda til b-liðar 27. gr. B-hluta viðauka IV í reglugerð nr. 547/1996, en þar er mælt fyrir um sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæðum, sé það mat stefnda að ákvæðið geti ekki átt við í málinu þar sem það taki til uppgrftar, vinnu við brunna, neðanjarðarvinnu og gangagerð. Verði ekki á þetta fallist verði þær varúðarráðstafanir sem gripið var til allt

að einu að teljast viðunandi eftir aðstæðum. Hið sama eigi við um ákvæði greinar 31.1 í sama viðauka, en það fjalli um vinnu á þökum og geti því alls ekki átt við í málinu.

Með vísan til ofangreindrar umfjöllunar fær stefndi ekki séð á hverju ábyrgð hans á tjóni stefnanda verði byggð. Hann hafi fullnægt öllum þeim kröfum og gripið til allra þeirra ráðstafana sem honum hafi verið skylt að grípa til sem byggingarstjóri og húsasmiðameistari til að gætt væri öryggis við byggingarframkvæmdirnar að [...]. Breyti þá engu hvort litið sé til þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, byggingarreglugerðar nr. 441/1998, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 eða þeirra reglna sem stefnandi hefur sérstaklega vísað til. Öryggis hafi verið gætt í hvívetna miðað við aðstæður á verkstaðnum. Þá skipti hér máli að verkið hafi verið unnið af húsasmið sem þeir feðgar, stefnandi, bróðir hans og stefndi D, réðu til að hafa það með höndum. Þá hefðu þeir allir unnið með smiðnum að framkvæmdum. Stefnandi hafi því gjörþekkt aðstæður á verkstaðnum auk þess sem hann hafði dvalið mikið í sumarbústaðnum í gegnum tíðina og því sannarlega verið þar á heimavelli. Hann hafi því best vitað það sjálfur hversu varhugavert var að opna dyr á austurhlið, klifra yfir öryggishandrið eða fara upp á þak yfir austurhluta sumarhússins eins og aðstæður voru meðan á framkvæmdunum stóð. Hættan hafi verið honum ljós, en hann hafi annaðhvort rutt hindrunum úr vegi, klifrað yfir öryggishandrið eða hreinlega upp á þak hússins og komið sjálfum sér í hættu. Ekki sé unnt að ætlast til að einhver annar sem kom að verkinu hafi átt að koma í veg fyrir slíka háttsemi. Ekki sé vitað hvað í raun gerðist þetta kvöld en verulegar líkur séu á því að orsökina megi finna í verulegri þreytu stefnanda að viðbættu umtalsverðu ölvunarástandi hans sem saman hefðu leitt til sljóvgunar, jafnvægisskorts, minnkaðrar athyglisskerpu og skertrar hreyfigetu. Hann hafi í því ástandi komið sér í þær aðstæður sem leiddu til slyssins og á því geti enginn borið ábyrgð nema hann sjálfur.

Jafnvel þótt litið verði svo á að gera hefði mátt betur þegar kemur að öryggisbúnaði þá liggi ekkert fyrir um það með hvaða hætti slysið varð og því ómögulegt að sanna orsakatengsl á milli þess sem kann að hafa verið ábótavant og slyssins eða að slysið hafi verið sennileg afleiðing þess sem hugsanlega hefði mátt betur fara.

Sýknukröfu sína byggir stefndi C í fyrsta lagi á aðildarskorti. Hann hafi á þeim tíma sem um ræðir í málinu verið launþegi hjá einkahlutafélaginu [...] sem starfað hafi að umræddu verki eftir því sem óskað var eftir og án þess að nokkur verksamningur hafi verið gerður við félagið og því síður ráðningarsamningur við stefnda. Framangreindu til staðfestu sé sú staðreynd að reikningar vegna verksins hafi verið gefnir út í nafni félagsins en ekki stefnda. Stefndi hafi þegið greiðslur frá félaginu sem launamaður vegna ýmissa smíðastarfa, meðal annars þeirra er komu til vegna þess verks sem hér um ræðir. Þá sé með engu móti unnt að líta svo á að hann hafi stjórnað verkinu eða haft yfirumsjón með því. Stefnda sé því stefnt í máli þessu þrátt fyrir að ekkert beint réttarsamband sé á milli hans og byggingarstjóra eða eiganda hússins. Samkvæmt þessu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda sökum aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Verði ekki fallist á að sýkna beri stefnda sökum aðildarskorts er sýknukrafa hans byggð á því að skilyrði skaðabótaskyldu að því er hann varðar séu hvergi nærri fyrir hendi.

Því sé haldið fram í stefnu að aðstæður á vinnusvæðinu hafi verið óforsvaranlegar. Krafa stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu allra þeirra þriggja einstaklinga sem hann hefur stefnt í málinu sé rökstudd á sama hátt og þannig ranglega talið, svo dæmi sé tekið, að unnt sé að leggja sömu skyldur á byggingarstjóra og launþega hjá félagi sem fengið hafi verið til að annast ýmis störf við framkvæmdirnar án nokkurs samnings við verkkaupa eða byggingarstjóra. Stefndi C hafi hvorki verið verktaki né atvinnurekandi í skilningi laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða á grundvelli annarra laga. Hið rétta sé að stefndi hafi verið launþegi hjá félagi sem fengið var til starfa við framkvæmdirnar án þess að um fast ráðningar- eða verktakasamband hafi verið að ræða. Verði þrátt fyrir þetta komist að þeirri niðurstöðu að stefndi geti á einhvern hátt talist ábyrgur fyrir aðstæðum á vinnustað byggir hann sýknukröfu á eftirfarandi málsástæðum.

Í fyrsta lagi er á því byggt í stefnu að ekki hafi verið komið í veg fyrir að unnt væri að ganga um dyrnar á austurhlið hússins. Hér verði að nefna að hurðin hafi verið með hefðbundinni læsingu auk þess sem golfsett höfðu verið sett fyrir hana til að hindra enn frekar að þessar útgöngudyr yrðu notaðar. Þá beri einnig að vekja sérstaka athygli á því að í áðurgreindri skýrslu E lögreglumanns sé staðfest að golfsettin hafi

verið á sínum stað þegar hann mætti á svæðið. Þá staðfesti skýrslan einnig að hurðin hafi verið læst þegar lögregla kom á vettvang. Að auki komi fram í skýrslunni að hurðin hafi opnast út á við og í suður en hina umræddu nótt hafi verið norðanátt og sterkur vindstrengur með húsinu. Þegar lögreglumaðurinn opnaði dyrnar hafi strax tekið verulega í hurðina og þegar henni var sleppt hafi hún opnast alveg upp á gátt og haldist þannig opin. Með hliðsjón af öllu framangreindu verði að telja útilokað að stefnandi hafi gengið eða fallið út um umræddar dyr.

Í öðru lagi er á því byggt í stefnu að borið hafi að sjá til þess að ekki væri gengið um pallinn austanmegin við húsið. Stefnandi geri engan reka að því að rökstyðja þessa fullyrðingu nánar og sé hvergi í stefnu bent á skyldu stefnda til þess að grípa til slíkra ráðstafana. Hafi stefnandi átt við lagaskyldu samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum geti það ekki átt við um stefnda þar sem hann hafi verið launþegi en ekki atvinnurekandi í skilningi laganna. Hvað sem þessu annars líður hafi stefndi gert fullnægjandi ráðstafanir vegna þess að tekið hafði verið úr pallinum þar sem tengja átti hús við nýbyggingu og bætt við handriðið á þeim stað.

Í þriðja lagi er á því byggt í stefnu að beygja hefði átt járn sem stóðu upp úr grunnplötu viðbyggingar eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu sem af járnunum stafaði. Hér verði ekki hjá því komist að taka það fram að fyrir slysið hafi stefndi síðast verið á verkstað föstudaginn 20. nóvember 2009, en hann hafi þá unnið við uppslátt steypumóta og steypuvinnu við grunninn. Daginn eftir hefðu stefnandi, H bróðir hans og faðir þeirra, stefndi D, unnið að því að slá frá steypumótum og hífa þau upp úr grunninum sem stefnandi féll síðan ofan í. Því sé útilokað að stefndi C hafi skilið við vinnusvæðið með óforsvaranlegum hætti líkt og haldið er fram í stefnu, enda hafi hann ekki getað ráðið því hvernig þeir aðilar sem síðast störfuðu á svæðinu skildu við það.

Í fjórða lagi er á því byggt í stefnu að koma hefði átt fyrir nauðsynlegum öryggismerkingum og hættuviðvörðunum. Í þessu sambandi beri fyrst að nefna að stefndi hafi ekki borið ábyrgð á því að koma slíkum merkingum fyrir, enda hafi hann ekki átt sjálfstæða aðkomu að umræddu verki. Óháð því verði með engu móti séð hvernig slíkar öryggismerkingar og hættuviðvaranir hefðu afstýrt óhappi því sem

stefnandi varð fyrir, enda óumdeilt að stefnandi starfaði þarna sjálfur og vissi fullvel um allar þær hættur sem fyrir hendi voru á vinnusvæðinu.

Með vísan til framanritaðs beri stefndi enga ábyrgð á meintum óforsvaranlegum aðstæðum á vinnustaðnum.

Í stefnu er því haldið fram að stefndi hafi starfað sem smiður við viðbygginguna og hafi verið fenginn til starfans sem verktaki af hálfu meðstefnda B byggingarstjóra. Með vísan til þess sem áður er rakið er þessari fullyrðingu alfarið hafnað.

Þá er því haldið fram í stefnu að stefndi teljist verktaki og þar með atvinnurekandi með vísan til laga nr. 46/1980. Honum hafi því verið skylt að setja upp öryggismerkingar og sjá til þess að ekki stafaði hættu af steypustyrktarjárnnum. Með vísan til fyrri röksemda sé því hafnað að staða stefnda við framkvæmdirnar hafi verið sú sem stefnandi gengur samkvæmt þessu útfrá. Verði engu að síður talið að stefnda hafi borið skylda til að setja upp umræddar öryggismerkingar og ganga frá steypustyrktarjárnnum með öðrum hætti en gert var byggir hann á eftirfarandi málsástæðum. Um fyrra atriðið og eftir atvikum skyldu stefnda til að viðhafa sérstaka gæslu á vinnusvæðinu beri annars vegar að nefna að engin athafnaskylda hafi hvílt á stefnda sem launþega. Hins vegar sé á því byggt að skortur á framangreindum öryggisráðstöfunum geti ekki talist hafa haft nokkur áhrif á það hvernig slysið atvikaðist. Í því sambandi er sérstök athygli vakin á eftirfarandi. Tilgangur þess að gert er ráð fyrir uppsetningu öryggismerkinga, sbr. lög nr. 46/1980, sbr. og reglugerð nr. 707/1995, sé sá að sem minnst hætta stafi af framkvæmdarsvæði fyrir óviðkomandi. Ekki sé unnt að líta á stefnanda sem óviðkomandi í framangreindum skilningi eða að hann hafi verið ókunnugur þeim hættum sem fyrir hendi voru á vinnusvæðinu. Þvert á móti hafi stefnanda verið fullkunnugt um allar aðstæður þar, enda hafi hann komið að framkvæmdum daginn áður. Með hliðsjón af framangreindu sé í öllu falli ljóst að skortur á öryggismerkingum hafi engin áhrif haft með tilliti til mögulegrar skaðabótaskyldu stefnda, enda sé það fjarri lagi að fyrir liggi að orsakatengsl séu á milli skorts á umræddum merkingum og tjóns stefnanda. Varðandi þá fullyrðingu stefnanda að stefnda hafi verið skylt að sjá til þess að ekki stafaði hættu af steypustyrktarjárnnum vísar stefndi til þess að hann hafi í ljósi stöðu sinnar enga slíka skyldu borið. Þar við bætist að hann hafi ekki skilið við vinnusvæðið í

óforsvaranlegu ástandi. Áréttar hann í því sambandi að fyrir slysið hafi hann síðast verið á verkstað föstudaginn 20. nóvember 2009 en að stefnandi, bróðir hans og faðir þeirra hafi verið þar við störf daginn eftir. Stefndi hafi því ekki getað ráðið því hvernig skilið var við svæðið þegar menn voru síðast við vinnu þar fyrir slysið.

Í stefnu er því haldið fram að á stefnda hafi hvílt sú skylda að tryggja að ógerlegt væri að ganga um dyrnar á austurhlið sumarhússins. Þessu hafnar stefndi og áréttar í því sambandi að staða hans við framkvæmdirnar hafi það í för með sér að slík skylda verði með sama hætti og aðrar skyldur samkvæmt framansögðu ekki á hann lögð. Verði ekki á það fallist bendir stefndi á að hurðin hafi verið læst og golfsettum að auki komið fyrir framan við hana að innanverðu. Stefnanda hafi verið fullkunnugt um ástæður þessa. Auk þessa verði að telja það útilokað að stefnandi hafi gengið út um umræddar dyr og dottið þaðan ofan í grunn viðbyggingarinnar. Vísar stefndi hvað það varðar til þess sem áður er rakið.

Með hliðsjón af framangreindu sé ljóst að hvað sem líður mögulegri skyldu stefnda til að tryggja að ekki væri unnt að ganga um umræddar dyr geti hún enga þýðingu haft við úrlausn um skaðabótaskyldu hans, enda sé ekki unnt að líta svo á að orsakatengsl séu á milli þess að skyldunnar var ekki gætt og tjóns stefnanda.

Sýknukröfu sína byggir stefndi loks á því að á grundvelli eigin sakar stefnanda verði hann að bera tjón sitt sjálfur. Stefnanda hafi verið fullkunnugt um allar aðstæður á og við slystað, enda hafi hann starfað þar við smíði viðbyggingarinnar, síðast daginn áður en slysið varð. Hann hafi sýnt vítavert gáleysi í aðdraganda slyssins og beri þannig sjálfur sök á því líkamstjóni sem hann varð fyrir. Breyti þá engu hvar stefnandi var nákvæmlega staddur þegar hann datt. Hin gáleysislega hegðun stefnanda verði einna helst skýrð með því að hann hafi verið drukkinn þegar slysið varð. Hvað sem öllu öðru líður sé mögulegur bótaréttur hans því fallinn niður. Er og sérstaklega áréttað að í öllu falli sé það ósannað með hvaða hætti slysið bar að höndum. Stefnandi hafi í því sambandi ýjað að því að verið geti að hann hafi gengið í svefni í umrætt sinn. Það sé ekki unnt að útiloka frekar en margt annað. Hafi það verið reyndin sé bótaábyrgð stefndu og þar með bótaréttur stefnanda ekki fyrir hendi, enda séu óhappatilvik ekki skaðabótaskyld samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar.

Svo sem fram er komið hefur stefnandi höfðað mál þetta vegna alvarlegs líkamstjóns sem hann varð fyrir aðfaranótt sunnudagsins 22. nóvember 2009 þegar hann féll niður á grunnplötu viðbyggingar sem verið var að reisa við sumarhús föður hans, stefnda D, að [...]. Hann var þá 37 ára og er [...] að mennt. Lýtur ágreiningur aðila að því hvort stefnandi eigi rétt til skaðabóta úr hendi stefndu vegna afleiðinga slyssins.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns, G, prófessors emeritus, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að það sé algerlega hafið yfir skynsamlegan vafa að stefnandi hafi fallið niður í grunninn frá dyrum á austurhlið sumarhússins og ekki eftir neinni annarri leið. Matsgerðinni hefur ekki verið hnekktt með yfirmati og stefndu hafa ekki með öðru móti teflt fram haldbærum rökum gegn niðurstöðu hennar. Er þess þá sérstaklega að gæta að í skýrslugjöf foreldra stefnanda og bróður hans við aðalmeðferð málsins kom fram að dyrnar á austurhlið hússins hafi verið opnar þegar komið var að stefnanda og að golfsett, sem stillt hafði verið upp framan við hurðina að innanverðu í þeim tilgangi að varna því að gengið yrði út úr húsinu á þessum stað, hafi legið á hliðinni. Dyrnum hafi verið lokað og golfsettunum komið fyrir að nýju áður en lögregla kom á staðinn. Þótt frásögn í þessa veru hafi samkvæmt gögnum málsins fyrst komið fram á fundi með matsmanni 16. janúar 2012, en í fundargerð er haft eftir stefnda D að dyrnar fyrir ofan slyssaðinn hafi verið opnar þegar hann og H sonur hans komu heim um nóttina, þykja ekki vera efni til að virða að vettugi framangreinda lýsingu aðila og vitna á aðstæðum á vettvangi. Er með vísan til þessa komin fram fullnægjandi sönnun varðandi það hvaðan stefnandi féll niður í grunninn. Tildrög þess eru á hinn bóginn ókunn. Í fallinu lenti stefnandi á steypustyrktarjárnnum sem stóðu óvarin upp úr undirstöðum viðbyggingarinnar. Hlaut hann margvíslega áverka og er lamaður fyrir neðan brjóst af völdum slyssins.

Sú meginregla gildir í íslenskum rétti að sá sem krefst skaðabóta þarf að sanna að fjárhagstjón sem hann verður fyrir verði rakið til háttsemi sem sé skaðabótaskyld að lögum og að tjónið sé afleiðing af þeirri háttsemi. Stefnandi reisir kröfugerð sína á sakarreglunni, en samkvæmt henni ber maður skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með sagnæmum og ólögumætum hætti. Byggir stefnandi á því að slysið verði rakið til óforsvaranlegra aðstæðna á og við framkvæmdasvæðið að [...] og að á því beri stefndu B, C og D sameiginlega ábyrgð og séu þar með bótaskyldir gagnvart

honum. Þessu til stuðnings hefur stefnandi vísað til þess að stefndu hafi með háttsemi sinni, athöfn eða athafnaleysi, farið á svig við tilgreind ákvæði laga og almennra stjórnvaldsfyrirmæla, en þau eru tíunduð og grein gerð fyrir efni þeirra í III. kafla dómsins. Þá tekur kröfugerð stefnanda til þess að honum beri réttur til bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra, sem stefndi B hafði á slysdegi hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf., og ábyrgðartryggingu húseigandans, stefnda D, hjá félaginu.

Sýknukrafa stefnda C er meðal annars byggð á því að hann hafi ekki haft þá stöðu við umræddar framkvæmdir að hann geti talist ábyrgur fyrir aðstæðum á vinnusvæðinu eða í næsta nágrenni við það. Ekkert liggur fyrir um það í málinu að stefndi eða einkahlutafélag í eigu hans hafi sem verktaki tekið að sér að reisa kjallara viðbyggingarinnar að [...] eða að smíði hans geti með öðrum hætti talist hafa verið á forræði þeirra. Hvað sem þessu líður gat hvílt á stefnda skylda samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra til að gæta öryggis þeirra sem voru við störf við smíði viðbyggingarinnar. Í ljósi þess sem fyrir liggur í málinu um slysið og aðkomu stefnda að framkvæmdum, óháð málsástæðu hans um aðildarskort, hefur stefnandi á hinn bóginn ekki rennt viðhlítandi stöðum undir þann grundvöll kröfugerðar sinnar á hendur honum að aðstæður á svæðinu hafi umfram þetta verið á hans ábyrgð. Er með vísan til þessa fallist á framangreinda málsástæðu stefnda og hann þegar af þessari ástæðu sýknaður af kröfum stefnanda.

Þegar tekin er afstaða til mögulegrar bótaskyldu stefndu D og B er til þess að líta að þau lög og almennu stjórnvaldsfyrirmæli, sem vísað hefur verið til af hálfu stefnanda til stuðnings dómkröfum hans, lúta einkum að því að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sbr. t.d. í þeim efnunum 1. gr. laga nr. 46/1980. Þetta er síðan áréttað í 13. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um það að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sú vernd sem þessum réttarreglum er ætlað að skapa er þó ekki bundin við þá sem sinna störfum á vinnustað þótt eðli máls samkvæmt sé það höfuðtilgangur þeirra. Þær taka þannig í ýmsum greinum til þeirra sem kunna að eiga leið um vinnustað eða vinnusvæði af öðrum ástæðum. Þessi aðgreining hefur þýðingu fyrir úrlausn málsins í ljósi þess að ekki var um vinnuslys að ræða. Við sakarmat reynir þannig með tilliti til réttarreglna einvörðungu á ákvæði laga og almennra stjórnvaldsfyrirmæla sem átt geta

við þegar slys á vinnusvæði eða í næsta nágrenni við það ber að höndum við aðrar kringumstæður.

Ganga verður út frá því að stefnandi hafi verið þaulkunnugur aðstæðum á slysstað. Um er að ræða sumarhús í eigu foreldra hans og hann hafði verið við störf í viðbyggingunni daginn áður en slysið varð. Var hann fyllilega upplýstur um allar þær aðstæður á framkvæmdasvæðinu sem hér skipta máli og þær ráðstafanir sem gerðar höfðu verið til að koma í veg fyrir að dyrnar á austurhlið hússins væru notaðar. Þeim ráðstöfunum er að hluta til áður lýst, en þess skal hér getið að samkvæmt ljósmyndum hafði golfkerru og tveimur golfpokum með kylfum í verið komið fyrir framan við hurðina að innanverðu í þessum tilgangi. Er ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að búíð hafi verið að raska þessum aðstæðum þegar stefnandi átt leið þarna um. Verður þannig við það að miða að hann hafi fjarlæggt þær hindranir sem búíð var að koma fyrir eða rutt þeim úr vegi og opnað dyrnar eftir að hafa tekið hurðina úr lás.

Við sakarmat í málinu er þess að gæta að sakarreglan getur verið afstæð, þ.e. ekki er víst að allir tjónþolar verði meðhöndlaðir eins í skaðabótaréttarlegu tilliti. Staða tjónþola getur þannig haft áhrif á rétt hans til skaðabóta. Er þá ekki eingöngu átt við tilvik þar sem háttsemi tjónþola veldur því að hann verður talinn hafa valdið tjóni sínu sjálfur að einhverju leyti eða öllu og beri því ábyrgð í samræmi við reglur um meðábyrgð tjónþola. Tilvik sem hér eru til athugunar eru þau þegar tjónþoli er meðvitaður um tjónshættu og á auðveldlega að geta varast hana. Þegar þannig háttar til er sú aðstaða fyrir hendi að meiri kröfur þurfi að gera til þess að háttsemi tjónvalds teljist saknæm en ella hefðu verið gerðar. Hafa þau rök verið færð fyrir þessu að sakarreglan eigi að veita vernd gegn óvæntu og ófyrirséðu tjóni en ekki tjóni sem tjónþolinn gat vel séð fyrir og búíð sig undir. Í ljósi þess að stefnandi gjörþekkti aðstæður og var vel meðvitaður um þá hættu sem var samfara því að opna dyrnar á austurhlið hússins og að virtum atvikum að öðru leyti er það mat dómsins að stefnandi geti ekki með réttu grundvallað kröfu sína um skaðabætur úr hendi stefndu B og D á því að þeim hafi verið skylt að ganga svo langt í slysavörnum sem málatilbúnaður hans á hendur þeim tekur mið af. Telst því að mati dómsins hafa verið gripið til ráðstafana sem teljast viðhlítandi og forsvaranlegar með tilliti til mögulegrar sakarábyrgðar gagnvart stefnanda. Er því með vísan til þessa hafnað að slys stefnanda verði rakið til sakar þessara stefndu. Án þess að annað þurfi til að koma leiðir af þessu

að sýkna ber stefndu og stefnda Vátryggingafélag Íslands hf. af kröfum stefnanda í málinu.

Fyrir liggur að þegar komið var með stefnanda á sjúkrahús í Reykjavík var áfengismagn í blóði hans 28,8 mmól/l, eða yfir 1,20%. Af gögnum málsins verður ráðið að þá hafi að minnsta kosti verið liðnar tvær klukkustundir frá því að hann slasaðist. Stefnandi hefur skýrt svo frá að hann hafi neytt áfengis um kvöldið, en lýsing hans á þeirri neyslu fær ekki samrýmst framangreindri niðurstöðu á rannsókn á blóðsýni úr honum. Þykir í öllu falli mega slá því föstu að hann hafi verið undir áfengisáhrifum þegar slysið varð og að orsakir þess verði að hluta til raktar til þess. Af þessu og vitneskju stefnanda um aðstæður á vettvangi slyssins samkvæmt framansögðu leiðir að mati dómsins að það verði rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs og að hann þyrfti hvað sem öðrum sýknuástæðum líður að bera tjón sitt sjálfur á grundvelli eigin sakar.

Samkvæmt öllu framansögðu eru stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Eftir framangreindum málsúrslitum verður stefnanda gert að greiða stefnda C málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur. Að öðru leyti skal málskostnaður falla niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hans, Guðjóns Ólafs Jónssonar hæstaréttarlögmans, sem þykir hæfilega ákveðin 2.635.500 krónur. Við ákvörðun þóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ásmundi Ingvarssyni byggingarverkfræðingi og Viðari Guðmundssyni prófessor.

D ó m s o r ð

Stefndu, D, B, C og Vátryggingafélag Íslands hf., eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, A.

Stefnandi greiði stefnda, C, 400.000 krónur í málskostnað, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Guðjóns Ólafs Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 2.635.500 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Þorgeir Ingi Njálsson

Ásmundur Ingvarsson

Viðar Guðmundsson